

**Sp.**

## **181. Nefndarálit**

[1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1982.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd hóf störf við undirbúning afgreiðslu fjárlaga hinn 1. okt. s. l. og átti viðtöl við fulltrúa sveitarfélaga þar til Alþingi hóf störf hinn 10. október. Síðan hefur nefndin haldið 41 fund um fjárlagafrumvarpið og átt viðtöl við alls nálega 200 aðila sem komið hafa á fund nefndarinnar, að meðtöldum fulltrúum sveitarfélaga. Auk þess hafa undirnefndir unnið að afgreiðslu einstakra málaflokka.

Fyrir 2. umræðu leggur nefndin fram tillögur um alla framkvæmdaflokka, jafnframt því sem meiri hluti nefndarinnar leggur fram tillögur um afgreiðslu tekjuhlíðar frumvarpsins og B-hluta fyrirtæki. Bíða þá 3. umræðu einungis heimildagrein og nokkur einstök verkefni, svo sem vegamál, landbúnaðarframlög, málefni Háskóla Íslands og byggingarmál Landspítala.

Nefndin er ekki sammála um afgreiðslu frumvarpsins og munu fulltrúar stjórnarandstöðunnar gefa út sérálit. Nefndin flytur sameiginlega breytingartillögur á þskj. 155, 161 og 187, en fulltrúar stjórnarandstöðunnar hafa tekið fram að þeir hafi óbundnar hendur um fylgi við einstakar breytingartillögur og áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Þjóðhagsstofnun hefur endurskoðað tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins með hliðsjón af tekjum ríkissjóðs 1981 og horfum á árinu 1982. Hinn 8. des. gerðu fulltrúar hennar fjárveitinganefnd grein fyrir nýrri tekjuáætlun, sem meiri hluti fjárveitinganefndar flytur tillögur um á þskj. 182 sem brtt. við tekjuhlíð frumvarpsins. Samkvæmt þeim brtt. hækka tekjur ríkissjóðs um 149 millj. kr. frá áætlun fjárlagafrv., en skv. þeim brtt., sem fjárveitinganefnd flytur sameiginlega við útgjaldahlið frumvarpsins, hækka útgjöldin um 175 279 200 kr. frá því sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu, en svo sem áður er getið bíður afgreiðsla nokkurra mála 3. umræðu.

Tillögur nefndarinnar um breytingar á gjaldahlið eru þessar:

### **00 Æðsta stjórn ríkisins.**

- 201 Alþingi: Tekinn verði upp nýr liður, gjaldfærður stofnkostnaður er nemi 3 280 000 kr. og verði varið til endurnýjunar loftræstikerfis, símkerfis og annarra lagfæringa svo og til undirbúnings vegna fyrirhugaðrar samkeppni um húsakost Alþingis.

### **01 Forsætisráðuneyti.**

- 101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa: Öryggismálanefnd. Liðurinn hækki um 200 000 kr. og verði 700 000 kr. Gjölf Jóns Sigurðssonar. Liðurinn hækki um 102 000 kr. og verði 180 000 kr. eða sem nemur launum prófessors við Háskóla Íslands.
- 102 Þjóðhagsstofnun: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 130 000 kr. vegna húsgagnakaupa. Sértekjur hækki um 65 000 kr. eða sem nemur framlagi Seðlabanka Íslands.
- 902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 90 000 kr. vegna líffræðirannsóknna í Þingvallavatni. Sértekjur hækki um 45 000 kr., enda greiði Landsvirkjun helming kostnaðar við rannsóknirnar.

## 02 Menntamálaráðuneyti.

- Lagt er til að tilfærslur verði gerðar á launaliðum ýmissa framhaldsskóla. Endurskoðuð áætlun um kennslumagn samfara nemendafjölda í raun við skólana ræður þessum tilfærslum, en ekki er um að ræða hækkun ef á heildina er litið.
- 203 Raunvísindastofnun háskólans: Nýr liður: Sérstök verkefni 380 000 kr.
- 321 Kennaraháskóli Íslands: Laun hækki um 32 300 kr. vegna launa lektors í 3 mánuði.
- 322 Æfinga- og tilraunaskóli kennaraháskólans: Launaliður hækki um 94 200 kr. vegna launa húsvardar.
- 331 Íþróttakennaraskóli Íslands: Nýr liður: Viðhald 150 000 kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 4 000 000 kr. og verði 4 250 000 kr.
- 351 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti: Framlag hækki um 2 000 000 kr. vegna stofnkostnaðar.
- 353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja: Stofnkostnaður hækki um 1 000 000 kr.
- 354 Fjölbrautaskólinn á Akranesi: Stofnkostnaður hækki um 1 900 000 kr.
- 355 Framhaldsskóli í Vestmannaeyjum: Stofnkostnaður hækki um 160 000 kr.
- 357 Fjölbrautaskólinn á Selfossi: Stofnkostnaður hækki um 1 650 000 kr.
- 422 Námsgagnastofnun: Framlag til bókaútgáfu hækki um 210 000 kr., annars vegar 200 000 kr. vegna útgáfu námsgagna fyrir börn með sérþarfir og hins vegar 10 000 kr. til þess að marka stefnu í notkun myndbanda við kennslu.
- 431 Iðnfræðsluráð: Framlag hækki um 300 000 kr. vegna námsgagnagerðar fyrir heyrnarskerta iðnnema.
- 507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík: Stofnkostnaður hækki um 235 000 kr.
- 516 Iðnskólar almennt: Stofnkostnaður hækki um 250 000 kr. Sundurliðun kemur í breytingartillögum nefndarinnar.
- 517 Hótel- og veitingaskóli Íslands: Stofnkostnaður hækki um 183 000 kr.
- 563 Tónlistarfræðsla: Tónlistarskólar, stofnkostnaður og styrkir: Liðurinn hækki um 120 000 kr. og nemi 320 000 kr. Lið þessum er ekki skipt á viðtakendur eins og venja hefur verið til þessa, en fjárveitinganefnd leggur áherslu á að einungis verði veittir styrkir til skóla vegna húsnæðis, en ekki til hljóðfærakaupa. — Tónlistarskólinn í Reykjavík og Tónmenntaskóli Reykjavíkur, byggingarstyrkur: Liður þessi falli niður þar sem áform um sameiginlega byggingu húsnæðis fyrir þessa tvo skóla eru ekki lengur fyrir hendi.
- 571 Sjómannaskólahúsið: Framlag hækki um 734 000 kr. vegna gagngerrar endurnýjunar á húsinu.
- 610 Héraðsskólar almennt: Stofnkostnaður hækki um 2 750 000 kr. Sundurliðun kemur í breytingartillögum nefndarinnar.
- 792 Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra: Stofnkostnaður hækki um 11 909 000 kr. Sundurliðun kemur í breytingartillögum nefndarinnar.
- 797 Stofnanir afbrigðilegra barna: Framlag til Öskjuhlíðarskóla hækki um 265 000 kr. vegna lagfæringar á gluggum skólahússins.
- 799 Heyrnleysingjaskólinn: Launaliður hækki um 75 000 kr. vegna endurskoðunar á kennslumagni.
- 872 Lánasjóður íslenskra námsmanna: Launaliður hækki um 127 000 kr. vegna launakostnaðar í skrifstofu sjóðsins.

- 881 Náms- og fræðimenn, framlög: Liðurinn Menntastofnun Bandaríkjanna á Íslandi hækki um 15 000 kr. og verði 30 000 kr. Styrkur til útgáfustarfa hækki um 108 000 kr. og verði 330 000 kr. sem fjárveitinganefnd skiptir upp til viðtakenda. Liðurinn Starfsemi stúdenta hækki um 1 500 kr. og verði 18 000 kr.
- 885 Fullorðinsfræðsla: Framlag til Heimilisíðnaðarskólans hækki um 8 400 kr. og verði 35 000 kr. Nýr liður: Félagsmálanámskeið 40 000 kr. Liður þessi var í fjárlögum 1981, en féll niður í fjárlagafrumvarpi 1982.
- 902 Þjóðminjasafn Íslands: Liðurinn til sveitarfélaga hækki um 50 000 kr. og verði 1 050 000 kr. Fjárveitinganefnd skiptir lið þessum í samráði við þjóðminjavörð. Nýr liður: Sjóminjasafn Íslands 600 000 kr. Liður þessi var í fjárlögum 1981, en féll niður í fjárlagafrumvarpi 1982.
- 904 Safnahúsið við Hverfisgötu: Viðhald hækki um 103 000 kr. vegna utanhússmálningar.
- 931 Náttúruverndarráð: Liðurinn Rannsóknarstörf við Mývatn hækki um 273 000 kr. vegna viðgerða á gamla prestseturshúsinu á Skútustöðum.
- 977 Byggingarsjóður þjóðarbókhöfðu: Yfirfærsla til sjóðsins í B-hluta hækki um 2 000 000 kr. og verði 12 000 000 kr.
- 982 Listir, framlög: Liðurinn hækki alls um 575 000 kr. sem skiptist sem hér segir: Óperustarfsemi, liðurinn fái nýtt heiti og verði: Íslenska óperan: a. Rekstrarstyrkur 300 000 kr. b. Stofnkostnaður 300 000 kr. Síðari upphæðin er hækun á liðunum. Myndlistarskólar, styrkir: Liðurinn breyti um heiti og verði Myndlistarskólar og námskeið, styrkir, og hækki jafnframt um 220 000 kr. Framlag til listasafna hækki um 25 000 kr. Listir og menningarmál almennt hækki um 30 000 kr.
- 983 Ýmis vísindaleg starfsemi: Eftirtalin viðfangsefni hækki sem hér segir: Surtseyjarfélagið um 7 000 kr., Íslensk málnefnd um 50 000 kr., Íslenska stærðfræðifélagið um 3 000 kr. og Hið íslenska náttúrufræðifélag um 1 000 kr.
- 986 Íþróttasjóður: Rekstrarstyrkir o. fl. hækki um 35 000 kr. og bygging íþróttamannvirkja hækki um 1 177 000 kr., verði 10 177 000 kr. sem skiptist eins og sýnt er í breytingartillögum nefndarinnar.
- 988 Æskulýðsmál: Liðurinn hækki alls um 175 500 kr. sem skiptist sem hér segir: Æskulýðsráð ríkisins 16 000 kr. Æskulýðssamband Íslands 2 000 kr. Ungmennafélag Íslands 137 000 kr. Bandalag ísl. skáta 11 000 kr. Bandalag íslskáta vegna Úlfjótsvatns 2 000 kr. Bandalag ísl. farfugla 500 kr. Íslenskir ungtemplarar 3 000 kr. KFUM, starfsemi í Vatnaskógi 2 000 kr. KFUK, starfsemi í Vindáshlíð 2 000 kr.
- 989 Ýmis íþróttamál: Íþróttasamband Íslands hækki um 400 000 kr., íþróttamál fatlaðra hækki um 50 000 kr., alþjóðaskákmót, styrkir hækki um 8 000 kr. Nýr liður: Skákskólinn á Kirkjubæjarklaustri 15 000 kr.
- 999 Ýmislegt: Liðurinn hækki alls um 1 082 000 kr. Vísað er til breytingartillagna nefndarinnar um einstakar breytingar á viðfangsefnum. Vert er að geta þess, að felld eru niður framlög til landshlutasambanda kvenna, en framlag til Kvenfélagasambands Íslands hækkað þeim mun betur.

### 03 Utanríkisráðuneyti.

- 401 Alþjóðastofnanir: a. 0146. Texti breytist á þessu viðfangsefni og framlag lækki um 70 000 kr. b. 0147. Framlag hækki um 70 000 kr.

#### 04 Landbúnaðarráðuneyti.

- 201 Búnaðarfélag Íslands: Nýr liður: Landþurrkun 166 000 kr. Áætlað var fyrir lið þessum í frumvarpi á lið Landgræðslu- og landverndaráætlunar með 125 000 kr. framlagi.
- 206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins: Stofnkostnaðarframlag til yfirstjórnar hækki um 130 000 kr. vegna byggingar geymsluhúsnæðis fyrir tæki og bifreiðar. Nýr liður: Tilraunabú, óskipt 1 200 000 kr.
- 231 Skógrækt ríkisins: Liðurinn Skóggræðsla hækki um 200 000 kr.
- 235 Landgræðsla ríkisins: Liðurinn Yfirstjórn hækki um 140 000 kr. vegna launa gróður- eftirlitsmanns. Almenn landgræðsla hækki um 1 400 000 kr.
- 247 Yfirdýralæknir: Stofnkostnaðarframlag til byggingar dýralæknabústaða hækki um 220 000 kr.
- 270 Landgræðslu- og landverndaráætlun: Liðurinn hækki alls um 1 932 000 kr. Vísað er til breytingartillagna nefndarinnar hvað varðar einstaka liði:
- 501 Bændaskólinn á Hvanneyri: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 250 000 kr. vegna byggingar rannsóknahúss.
- 503 Garðyrkjuskóli ríkisins: Viðhald hækki um 70 000 kr. og sértekjur lækki um 300 000 kr.

#### 05 Sjávarútvegsráðuneyti.

- 202 Hafrannsóknastofnun: Framlag til stofnunarinnar hækki alls um 681 000 kr. Gert er ráð fyrir úthaldi á Hafþór í sex mánuði í stað níu í frumvarpi og hækkuð hafa verið önnur rekstrargjöld á hinum rannsóknaskipunum með hliðsjón af endurskoðuðu olíuverði. Þá er lagt til að keypt verði sérstakt tæki, „low-body-tæki“ í Bjarna Sæmundsson.
- 298 Heiti liðarins verði sem hér segir: Fiskleit, markaðsöflun og tilraunir í útgerð og fiskvinnslu.
- 299 Ýmislegt á sviði sjávarútvegs: Nýr liður: Tækninámskeið 50 000 kr.
- 901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna: Sértekjur lækki um 300 000 kr.

#### 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

- 253 Almannaþing ríkisins: Stofnkostnaður hækki um 422 000 kr. vegna uppbyggingar fjarskiptakerfis.
- 254 Sjómælingar Íslands: Launaliður hækki um 110 000 kr. vegna kostnaðar við lausráðinn mann er vinni að fiskikortagerð.
- 283 Fangamál, ýmis kostnaður: Viðfangsefnið fangahjálpi, sem er framlag til félags- samtakanna Verndar, hækki um 154 000 kr. Nýtt viðfangsefni: Vistun kvenfanga 326 000 kr.
- 301 Þjóðkirkjan: Eftirtaldir liðir hækka sem hér segir: Alþjóðasamvinna 78 000 kr. Skálholtsstaður 50 000 kr., Hallgrímskirkja í Reykjavík 500 000 kr. Útgáfustarfsemi. 5 000 kr. Hólar í Hjaltadal 100 000 kr. Embættisbústaðir, viðhald 1 739 000 kr. Útihús á prestsetrum 36 000 kr. Þá fellur niður liðurinn Sértekjur 90 000 kr.

### 07 Félagsmálaráðuneyti.

- 971 Erfðafjár sjóður, framlag: Liðurinn hækki um 832 000 kr. í samræmi við endurskoðaða tekjuáætlun.
- 976 Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra. Framlag hækki um 1 410 000 kr.
- 977 Framkvæmd laga um aðstoð við þroskahefta. Framlag hækki alls um 1 000 000 kr.
- 981 Vinnumál. Nýr liður: Kjararannsóknarnefnd, stofnkostnaður vegna könnunar á kjörum sjómanna.
- 999 Ýmis framlög: Nýir liðir: Gigtarfélag Íslands 50 000 kr. og Íþróttasamband fatlaðra vegna endurhæfingar 70 000 kr. Framlag til Geðverndarfélags Íslands hækki um 50 500 kr., en liðurinn Geðverndarfélag Íslands, byggingarstyrkur 35 000 kr. fellur niður á móti. Framlag til Sjálfsbjargar hækki um 215 000 kr., en liðurinn Sjálfsbjörg, byggingarstyrkur 150 000 kr. fellur niður á móti. Aðrir liðir hækka eins og segir í breytingartillögum nefndarinnar.

### 08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

- 271 Tryggingastofnun ríkisins. Framlag til B-hluta hækki um 66 900 000 kr.: 1 600 000 kr. vegna lífeyrstrygginga og 65 300 000 kr. vegna sjúkratrygginga. Eftirtaldar stofnanir fá hækkingu á öðrum rekstrargjöldum sem hér segir: Ríkisspítalar, skrifstofa 50 000 kr. Rannsóknastofa háskólans 200 000 kr. Blóðbankinn 200 000 kr. Landspítalinn 3 000 000 kr. Landspítalinn, kvennadeild 2 400 000 kr. Kleppsspítali 1 240 000 kr. Vífilstaðaspítali 460 000 kr. Kristneshæli 700 000 kr. Kópavogshæli 400 000 kr. Vistheimilið Gunnarsholti 350 000 kr.
- 324 Heyrnar- og talmeinafni Íslands: Laun hækki um 150 000 kr. og önnur rekstrargjöld hækki um 750 000 kr.
- 371 Landspítali: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 685 000 kr. vegna liðarins Sumargjöf, barnaheimili, sem verði 1 350 000 kr.
- 381 Sjúkrahús og læknisbústaðir: Liðurinn hækki um 11 390 000 kr. alls. Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða hækki um 10 300 000 kr., sundurliðun á framkvæmdaliði er í breytingartillögum nefndarinnar. Sjúkrahús St. Franciscusarreglunnar í Stykkishólmi hækki um 350 000 kr. DAS, Hrafnista, Hafnarfirði hækki um 520 000 kr. og hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi hækki um 220 000 kr.
- 399 Ýmis heilbrigðismál: Nýir liðir: Starfslaun Ófeigs J. Ófeigssonar 50 000 kr. Hjarta- og æðaverndarfélag Reykjavíkur, tækjakaup 250 000 kr. Undirbúningur rannsókna á brjóstkrabbameini 70 000 kr. Aðrir liðir hækka sem segir í breytingartillögum nefndarinnar.
- 471 Gæsluvistarsjóður: Liðurinn Bláa bandið hækki um 7 000 kr. Vernd hækki um 6 000 kr. SÁÁ hækki um 40 000 kr.
- 481 Bindindisstarfsemi: Nýr liður: Stórstúka Íslands 150 000 kr. Liður þessi féll niður við gerð fjárlagafrumvarps.

### 09 Fjármálaráðuneyti.

- 381 Uppbætur á lífeyri: Liðurinn hækki um 170 000 kr. vegna lífeyrisgreiðslna starfsmanna stjórnmalaflokkanna.
- 383 Styrktarfé og ýmis eftirlaun, embættismenn: Liðurinn hækki um 167 600 kr.
- 384 Styrktarfé og ýmis eftirlaun, ekkjur: Liðurinn hækki um 140 500 kr.

### 10 Samgönguráðuneyti.

- 211 Vegagerð ríkisins: Framlag til einstaklinga og samtaka hækki um 70 000 kr. og verði 200 000 kr.
- 331 Vita- og hafnarmál, aðalskrifstofa: Stofnkostnaður hækki um 450 000 kr. vegna endurbyggingar og breytinga á rishæð húsnæðis stofnunarinnar.
- 333 Hafnarmál: Hafnarmannvirki og lendingarbætur. Liðurinn hækki um 8 000 000 kr., ferjubryggjur hækki um 585 000 kr. Hafnabótasjóður hækki um 885 000 kr., sjóvarnargarðar hækki um 80 000 kr., framlag til landshafnarinnar Keflavík — Njarðvík hækki um 500 000 kr. og hafnarframkvæmdir vegna skipaiðnaðar hækki um 500 000 kr. Sundurliðanir eru í breytingartillögum nefndarinnar.
- 341 Siglingamálastofnun: Laun hækki um 121 300 kr., önnur rekstrargjöld hækki um 280 000 kr. og gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 800 000 kr.: vegna tækjakaupa 200 000 kr. og innréttinga 600 000 kr.
- 342 Sjóslýsanefnd: Nýr liður: Yfirfærslur 20 000 kr. vegna kynningar á notkun öryggisneta.
- 471 Flugmálastjórn: Stofnkostnaður hækki um 2 024 000 kr. Sundurliðun er sýnd í breytingartillögum nefndarinnar.
- 485 Flugbjörgunarsveitir: Liðurinn hækki um 130 000 kr.
- 656 Landmælingar Íslands: Stofnkostnaður hækki um 374 000 kr. vegna tækjakaupa.

### 11 Iðnaðarráðuneyti.

- 201 Iðntæknistofnun: Laun hækki um 300 000 kr. vegna verkefnaráðinna starfsmanna við trétækni- og trefjaiðnað. Önnur rekstrargjöld hækki um 200 000 kr. og sértekjur hækki um 15 000 kr. samfara þessari starfsemi.
- 289 Jöfnunargjald. Liðurinn hækki um 3 066 000 kr.
- 299 Iðja og iðnaður, framlög: Viðfangsefni 0102 breytist á þann hátt að texti verður iðnráð og fjárveiting verði 70 000 kr., sem er hækkun um 35 000 kr. 0121 Byggingarþjónustan hækki um 70 000 kr. og verði 200 000 kr.
- 301 Orkustofnun: Framlag hækki um 500 000 kr. vegna húsaleigu. Liður 29 981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs hækki í samræmi við það um sömu krónutölu. Þá hækkar framlag um 3 500 000 kr. vegna rannsókna á háhitasvæðum á Reykjanesskaga og Þeista-reykjum.
- 321 Nýr liður: Rafmagnsveitur ríkisins 7 750 000 kr.

### 15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

- 991 Ýmis lán ríkissjóðs. Vextir lækki um 1 500 000 kr.

Alþingi, 12. des. 1981.

Geir Gunnarsson,  
form., frsm.

Eggert Haukdal,  
fundaskr.

Þórarinn Sigurjónsson.

Alexander Stefánsson.

Guðmundur Bjarnason.